

Stjórnháttaryfirlýsing

Íslenskir fjárfestar hf.

Stjórn Íslenskra fjárfesta hf. hefur ákvarðað eftirfarandi stefnu varðandi stjórnarhætti í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Íslenskir fjárfestar hf. fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland, sem gefnar voru út í maí 2015 (5. útgáfa) auk þess að fylgja þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja á hverjum og einum tíma sem nálgast má í heild sinni á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Fram kemur í leiðbeiningum frá Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland að stjórnendur hafi ákveðið svigrúm til að víkja frá einstökum atriðum þeirra og í þeim tilfellum skýra frá ástæðum frávíka.

Vegna smæðar félagsins og samsetningu hluthafahópsins víkja Íslenskir fjárfestar hf. m.a. frá eftirfarandi atriðum í ofangreindum leiðbeiningum að hluta eða í heild:

- Lið 1.1 um að upplýsa skuli á heimasíðu félagsins um aðalfund þegar dagsetning og tímasetning hefur verið ákveðin og að upplýsa skuli um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins.
- Lið 1.5 um skipan og störf tilnefningarnefndar en ekki þykir ástæða til að skipa í slíka nefnd hjá félaginu.
- Lið 2.8 um áhættustýringu og innra eftirlit enda hefur félagið fengið undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar og er þeirri starfsemi útvistað til óháðra sérfræðinga.
- Lið 2.9 um samfélagslega ábyrgð og siðferði en stjórn félagsins hefur hvorki sett sér skrifleg viðmið um siðferði né stefnu um samfélagslega ábyrgð.
- Lið 2.10 um samskipti við hluthafa en stjórn félagsins hefur ekki sett sér sérstakar reglur eða ferla um samskipti við hluthafa.
- Lið 3.1 um að fyrir liggja starfslýsing um störf og ábyrgð stjórnarformanns.
- Lið 5 um undirnefndir stjórnar og skipan þeirra en engar slíkar nefndir eru starfræktar hjá félaginu.
- Lið 6.2 um að félagið birti á heimasíðu sinni starfskjarastefnu, upplýsingar um hluthafafundi, ársreikningar, fundargögn stjórnar og hluthafafunda, ársreikninga o.fl.

Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi í samræmi við samþykktir félagsins og eru 3 aðalmenn kosnir og 2 til vara. Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Upplýsingar um stjórnarmenn félagsins má finna á heimasíðu félagsins.

Stjórn félagsins setur sér starfsreglur sem henni ber að fara eftir.

Í samþykktum félagsins er fjallað um hlutverk framkvæmdastjóra og helstu skyldur.

Íslenskir fjárfestar hf. hafa ekki brotið nein lög eða reglur sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.